

1975(?)  
1976

T I L L A G A

A D

S T E F N U S K R A

R A U Ð S O K K A H R E Y F I N G A R I N N A R

Elisabet Gunnarsdóttir  
Helga Sigurjónsdóttir  
Herdís Helgadóttir  
Vilborg Sigurðardóttir

Eftir langa baráttu hefur lagalegu jafnrétti kynjanna verið náð að mestu, en því fer fjarri að það ríki í raun, enda er misrétti hluti af því þjóðskipulagi sem við búum við. Í atvinnulífi, félagsstarfi og uppeldismálum er gert ráð fyrir að á hverju heimili sé koma til að sjá um hverskonar þjónustu við heimilismenn. Stúlkur eru enn aldar upp til að líta á heimilið sem aðalstarfsvettvang sinn, þráttfyrir að síkar framtíðarhugmyndir séu ekki í samræmi við veruleikann og hafi ekki verið um langt skeið. Fjölmargar konur sjá einar fyrir sér og börnum sínum og tær 60 % giftra kvenna vinna utan heimilis (1974). Opinber þjónusta við heimilin hefur ekki varið í samræmi við aukna atvinnupáttöku kvenna. Dagvistunarstofnanir eru forréttindi örfárra barna. Tvisetnir skólar án mötuneyta byggja á því að alltaf sé einhver heima til að annast börnin, auk þess sem hluta af fræðsluskyldunni er með heimanáminu velt yfir á heimilin, svo að börn hafa ekki sömu menntunaraðstöðu. Þar við bætist að skólinn á mikinn þátt í að viðhalda úreltum hugmyndum um hlutverkaskiptingu kynjanna.

Starfsmenntun kvenna er minni og fábreyttari en karla. Þær eru fyrst og fremst í illa launuðum störfum og þar við bætist, að gamlir fordómar valda því að þær hafa minni framamöguleika en karlar, jafnvel þegar þær sýna ótvírett meiri kunnáttu og dugnað. Heimilisskyldur og sektarkennd vegna barnanna valda því einnig oft, að konur geta ekki einbeitt sér í starfi. Ekki er nóg með að konur séu einkum í láglauastörfum, heldur bætist þar við að atvinnu-öryggi þeirra er minna en karla. Þær eru kallaðar út á uppgangstínum, en sendar heim þegar samdráttur verður á atvinnumarkaðinum, og móðurhlutverkið er notað gegn þeim, bæði meðan á barnsburði og meðgöngu stendur, og eins seinna þegar samfélagið sér ekki um að veita börnunum athvarf meðan þeir fullorðnu vinna.

Hið tvöfalta vinnuálag sem margar konur búa við, ásamt gömlum fordóum um eðli og hlutverk kvenna valda því, að þær taka lítinn þátt í félags- og stjórnálum.

Kúgun kvenna er efnahagslegs og kynferöilegs eðlis. Hún byggist á aldagömlum fordóum og hefðum, sem telja konur óæðri körlum og hún er um leið liður í því misrétti sem þjóðfélagsskipan okkar byggist á. Fullkomnu jafnrétti verður því ekki komið á í þessu samfélagi, heldur er jafnréttisbaráttan óaðskiljanlegur þáttur stéttabaráttunnar fyrir nýju samfélagi þar sem arðrán og hvers konar kúgun verður afnumið.

Rauðsokkahreyfingin lítur á það sem hlutverk sitt:

- að efla sjálfsvitund, félagsþroska og baráttuvilja kvenna,
- að efla alla þá sem vilja vinna að jafnréttismálum,
- að starfa með verkalýðshreyfingunni og öðrum að sameiginlegum markmiðum,
- að berjast gegn kúgun og hverskonar árásum á alþýðu,
- að berjast fyrir nýju samfélagi jafnréttis og frelsis.

#### Kvenfrelsísbáráttu er stéttabaráttu.

Konur eru stærsti láglaunahópurinn á vinnumarkaðinum nú, þar hafa almennt 25 - 30 % lægri laun er karlar. Ímsar námsbrautir og starfsgreinar eru konum lokaðar í raun. Konur og karlar verða að hafa sama rétt til allrar vinnu.

Sömu störfum karla og kvenna eru gefin mismunandi heiti og konum þannig haldið niðri í launum. Þetta þarf að koma í veg fyrir en vinna að því að karlar og konur fái jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf og að allir njóti lífvænlegra launa fyrir átta, stunda vinnudag. Í hefðbundnum kvennastörfum er mun minna um ýmis hlunnindi (s.s. bílastyrki, fæðisgjald) en hjá körlum. Í þessum efnum þarf að rétta hlut kvenna. Banni við kyngreindum starfsauglýsingum verður að framfylgja og sjá svo um að iðnmeist-

arar geti ekki meinað aðgang að ákveðnum starfsgreinum.

I stað þess að gróðasjónarmið ráði þarf að skipuleggja atvinnulifið pannig, að allir geti fengið starf og vinnutíma við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða fullfrískt fólk eða þá sem búa við skerta starfsorku. Konur eru notaðar markvisst sem varavinnuafl. Einkum er þetta áberandi í fiskiönaði og þar eins og annarsstaðar verður að auka atvinnuöryggi kvenna og koma á raunhæfri kauptryggingu.

Konur sem vinna hjá hinu opinbera fá nú 3 ja mánaða fæðingarorlof á fullum launum. Innan ASÍ fá aðeins þær konur fæðingarlaun, sem vinna a.m.k. hálfan dag til jafnaðar, en upphæðin miðast við atvinnuleysistryggingabætur og er greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Konur sem vinna við ræstingu í uppmælingu fá ekki þessi laun, né þær sem hafa skamman starfsaldur. Bændakonur fá engin fæðingarlaun. Vinna ber að því að allar konur fái fæðingarlaun í a.m.k. sex mánuði og þau verði greidd af almannatryggingu.

Atvinnuleysisbætur miðast nú að nokkru við tekjur maka. Þessu þarf að breyta. Líta ber á hvern og einn sem sjálfstæðan starfskraft og greiða atvinnuleysisbætur í samræmi við það. Jafnframt verði allar tekjur ogeignir skattlagðar einstaklingsbundið, en ekki tekið mið af kynferði eða hjúskaparstétt eins og nú er.

*baunavældinum  
þá líklega*  
Auka verður opinbera þjónustu við heimilin, svo sem góða dagvistun fyrir öll börn, vel skipulagðar og ódýrar almenningssamgöngur, ódýrar leiguibúðir, heimilishjálp, einkum fyrir sjúklinga og gamalt fólk, almenningsþvottahús og ódýr mótneyti.

#### Engin stéttabaráttu án kvennabaráttu

Stéttarfélögini hafa ekki sinnt jafnréttismálum sem skyldi. og yfir 50 % í BSRB (1975) Konur eru um 42,7 % félaga í ASÍ (1973), en áhrifastöður að mestu í höndum karla. Vinna verður að því að konur taki við trúnaðar- og forystustörfum í samræmi við fjölða

þeirra innan félaganna. Félögin verða að tala tillit til að margar konur búa við tvöfalt vinnuálag og haga fundahöldum í samræmi við það (t.d. sjá um barnagæslu meðan á fundum stendur o.fl.) og vinna gegn uppburðalcysi þeirra og vanmetakennd með félagslegri þjálfun. Niðan jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu, innan stéttarfélaganna og á heimilunum er ekki sameiginlegt baráttumál, er allt tal um samstöðu launafólks ekkert nema orðin tóm. Vinna verður að því að uppræta gamla fordóma um hlutverkaskiptingu og cöli kynjanna og fyrst og fremst verður verkalyðshreyfingin í heild að gera að sínu baráttumáli þá málaflokka sem hingað til hafa verið kallaðir "sérmál kvenna" s.s. fæðingarlaun, dagvistunarmál og kauptrygging kvenna í fiskiðnaði.

Rauðsokkahreyfingin leggur áherslu á eftirfarandi:

- Sama rétt til allrar vinnu.
- Jöfn laun karla og kvenna fyrir sambærilega vinnu.
- Sex mánaða fæðingarlaun.
- Atvinnuöryggi og kauptryggingu í fiskvinnu.
- Lifvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag.

Nauðsynlegt er að öll börn eigi þess kost að vera í leikskóla eða annars konar góðri dagvistunarstofnun. Mikla áherslu verður að leggja á það, að þessar stofnanir hafi átíð á að skipa hæfu starfsfólk sem vinni neð foreldrum að uppoldis- og félagsmótun barnanna. Eins og nú er geta dagvistunarstofnanir ekki sinnst nema örlitlum hluta af þeirri þörf sem fyrir hendi er. Hvarvetna eru langir bíolistar sem tala sínu máli, þótt þeir sýni ekki fyllilega hversu þörfin er brýn. Hið opinbera verður að setja á stofn og reka dagvistunarhcimili fyrir öll börn á forskólaaldri. Tímabært er, að sveitarfélög verði skylduð til að gera áætlun um uppbyggingu dagvistunarstofnanna sem fullnægja þörfinni. Þess skal gætt að telpur og drengir fái sams ~~konar~~konar uppoldi og þessar

stofnanir skulu vinna markvisst gegn úreltum hugmyndum um ólik sttlunarverk karla og kvenna. Leggja ber áherslu á, að þeði karlar og konur vinni að uppeldisstörfum á dagvistunathheimilum.

I grunnskólanum skal haldið áfram að innræta börnum jafnréttishugmyndir og á þessu skólastigi er tímabert að taka upp beina kennslu um jafnréttismál. Eðlilegast er, að húh falli inn í kennslu í samfélagsgreinum. Öll kennsla á að vera hin sama fyrir nemendur á þessum aldri (allar bóklegar og verklegar greinar, svo og íþróttakennsla).

Til þess að þessi kennsla beri árangur ef nauðsynlegt að allir kennrarar sækji námskeið í jafnréttismálum.

Sjálfsgagt er, að vinnudagur í skólum verði samfelldur og mótuneytum komið upp fyrir nemendur. Mikla áherslu verður að leggja á að stúlkur og piltar fái sömu hvatningu til náms og vinna ber markvisst gegn því að gamlar bábiljur og óraunsei stofnanir skulu vinna markvisst gegn úreltum hugmyndum um ólik ráði starfsvali og -menntun.

sttlunarverk karla og kvenna. Leggja ber áherslu á, að þeði karlar Rauðsokkahreyfingin leggur áherslu á eftirfarandi:

og konur vinni að uppeldisstörfum á dagvistunathheimilum.

- Dagvistun fyrir öll börn.

- Samfelldur vinnudagur í skólum.

réttishugmyndir og á þessu skólastigi er tímabert að taka upp beina kennslu um jafnréttismál. Eðlilegast er, að húh falli inn

- Sama hvatning og aðstaða til náms.

í kennslu í samfélagsgreinum. Öll kennsla á að vera hin sama fyrir nemendur á þessum aldri (allar bóklegar og verklegar greinar, svo og íþróttakennslar).

Vinna ber að því að auka og þæta kynferðisfræslu í skólum.

Nemendur eiga að fá fræslu um líkama sinn og starfsemi hans

og um getnaðarvarni og áhrif þeirra. Þessi fræsla byrji snemma á skólaferlinum og þenni sé haldið áfram allan grunnskólann og

i framhaldsskólum og stefnt að því að tengja hana öllum námsgreinum, svo sem náttúrufræsi og samfélagsfræsi. Stefnt skal að því að uppræta óeðlilega blygðunarsemi og fordóman í sambandi við kynlif, en reynt að koma nemendum í skilning um hugsanlegar afleiðingar ábyrgðarlauss kynferðislífs (ótímabær þungun, kynsjúkdómar)

og hver ábyrgð fylgi því að verða foreldrar. Einnig skulu allir nemendur á framhaldsskólastigi fá staðgóða fræðslu um fóstureyðingar, áhrif þeirra á líkamann, hliðarverkanir, eftirverkanir o.s.frv. Mikilvægt er, að þar sé skýrt frá staðreyndum, en unnið gegn hverskonar hindurvitnum.

Leiðbeiningar um kynferðismál á að veita við heilsugæslustöðvar og gert sé átak til að kynna almenningi getnaðarvarnir og þær gerðar ódýrar og aðgengilegar.

Fóstureyðingar skulu vera frjálsar þeim sem þess óska. Ef kona æskir fóstureyðingar skal veita henni upplýsingar um þá félagslegu og fjárhagslegu aðstoð, sem konum stendur til boða í sambandi við fæðingu og uppeldi barns.

Rauðsokkahreyfingin leggur áherslu á eftirfarandi:

- Kynferðisfræðslu í skólum.
- Ódýrar getnaðarvarnir.
- Frjálsar fóstureyðingar.